



Norðurþing Skipulags- og byggingarfulltrúi Ketilsbraut 7-9 – 640 Húsavík

Auglýsing um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030

Samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Norðurþings frá 22. nóvember 2011 og í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030.

Breytingin felst í að syðsti hluti Hafnarstéttar verði skilgreindur sem blandað svæði fyrir hafnarstarfsemi og svæði fyrir verslun og þjónustu til samræmis við nyrðri hluta svæðisins. Þannig stækkar svæði fyrir blandaða landnotkun V1/H4 um u.þ.b. 8.000 m² á kostnað hreins hafnarsvæðis H5. Samhliða kynningu þessarar tillögu fer fram kynning á breytingu deiliskipulags miðhafnarsvæðis Húsavíkur sem m.a. gerir ráð fyrir ferðaþjónustengdri starfsemi innan breytingarsvæðis. Tillaga að breytingunni er lögð fram með skýringarmyndum í mkv. 1:10.000 og greinargerð á A4 blaði.

Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofu Norðurþings að Ketilsbraut 7-9 á Húsavík frá og með 1. desember 2011 til og með 12 janúar 2012. Einnig er skipulagstillagan til kynningar á heimasíðu Norðurþings, <http://www.nordurthing.is/is/thjonusta/skipulags-og-byggingarmal/skipulagsmal>. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til undirritaðs að Ketilsbraut 7-9, Húsavík eða á netfangið nordurthing@nordurthing.is eigi síðar en 12. janúar 2012. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkja tillöguna.

Gaukur Hjartarson
Skipulags- og byggingarfulltrúi Norðurþings

Greiðandi auglýsinga er:

Norðurþing
Kt.: 640169-5599
B.t. skipulags- og byggingarfulltrúi
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

Virðingarfyllst;

Gaukur Hjartarson
Skipulags- og byggingarfulltrúi Norðurþings